

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSRÁÐ

Ár 2026, miðvikudaginn 22. apríl, kl. 9:06 var haldinn 377. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Líf Magneudóttir, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Andrea Jóhanna Helgadóttir, Friðjón R. Friðjónsson, Hjálmar Sveinsson, Stefán Pálsson og áheyrnarfulltrúarnir Einar Sveinbjörn Guðmundsson og Kjartan Magnússon. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Brynjar Þór Jónasson, Hjördís Sóley Sigurðardóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Sunna Stefánsdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttur Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning í trúnaði á mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðs Sæbrautarstokks.

Bjarni Rúnar Ingvarsson, Sólveig Sigurðardóttir, Þóra Kjarval, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Kristján Árni Kristjánsson, Grétar Páll Jónsson, Þórhildur Guðmundsdóttir, Björn Guðbrandsson, Þráinn Hauksson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigurbjörg Gunnbjörnsdóttir og Ragnhildur Kristjánsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK23100034

Bókun áheyrnarfulltrúans Kjartans Magnússonar er færð í trúnaðarbók.

2. Lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Sæbrautarstokk. Í tillögunni sem lögð er til felst afmörkun nýs deiliskipulags fyrir Sæbrautarstokk á u.þ.b. 1 km kafla frá mislægum gatnamótum við Miklubraut/Vesturlandsveg og norður fyrir gatnamót Kleppsmýrarveggar/Skeiðarvogs. Stokkurinn er hluti af Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og tengist m.a. fyrirhugaðri Sundabraut og Borgarlínu. Á yfirborði stokksins verður nýr, grænn hverfisgarður sem bindur saman hverfin Vogahverfi og Vogabyggð. Lóðin Steinahlíð er færð úr deiliskipulagi Vogahverfis og yfir í áætlun þessa, samkvæmt uppdrætti Arkís arkitekta, dags. 14. apríl 2026, ásamt greinargerð og skilmálum. Einnig er lagt fram umhverfismat deiliskipulagsáætlana fyrir Sæbrautarstokk og Vogabyggð 2, unnið af COWI, dags. apríl 2026. Skipulagslýsing fyrir Sæbrautarstokk og aðlægar áætlanir er undir málsnúmeri USK25050165. Samhliða eru unnar og lagðar fram breytingartillögur fyrir Vogahverfi og Vogabyggð 2. Deiliskipulag fyrir Sæbrautarstokk er samstarf Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar og Betri samgangna. Lagt er til að tillagan verði samþykkt í auglýsingu. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson, Þóra Kjarval, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Kristján Árni Kristjánsson, Sigurbjörg Gunnbjörnsdóttir, Björn Guðbrandsson, Þráinn Hauksson, Sigríður Magnúsdóttir, Ragnhildur Kristjánsdóttir, Þórhildur Guðmundsdóttir og Grétar Páll Jónsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK26010313

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Sósíalistaflokks Íslands, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Gleðiefni að sjá framkvæmd Sæbrautarstokks nálgast. Með stokki munu lífsgæði íbúa í aðliggjandi hverfum batna mjög, með bættu öryggi, lækkun hávaða, minni mengun. Sömuleiðis bætist við líflegur garður sem tengir Voga og Vogabyggð, með hjóla og göngustígum og aðstöðu til þess að njóta útiveru.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins tekur undir mikilvægi Sæbrautarstokks sem lykilverkefni í samgöngum Reykjavíkur. Framkvæmdin er forsenda fyrir bætt umferðarflæði, aukinni afkastagetu samgangna og tengingu við stærri innviði, þar á meðal fyrirhugaða Sundabraut eða Sundagöng. Mikilvægt er að undirbúningur og framkvæmd gangi hratt og vel fyrir sig. Tillögur að nýju deiliskipulagi fyrir Sæbrautarstokk og breytingum á deiliskipulagi Vogabyggðar 2 og Vogahverfis eru nauðsynleg aðlögun skipulags að framkvæmdinni. Á sama tíma er ljóst að um er að ræða fyrri áfanga þar sem heildarmynd uppbyggingar og endanleg útfærsla liggur ekki fyrir. Deiliskipulagið byggir að verulegu leyti á forhönnun og lykilforsendur, svo sem umferðargreiningar og áhrif á nærumhverfi, eru enn óljósar. Þá fela breytingarnar í sér heimildir til niðurrifs og tímabundið rask sem mikilvægt er að rökstyðja vel og meta í heildarsamhengi. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að greiða fyrir umferð á framkvæmdatíma þannig að áhrif á íbúa, atvinnulíf og aðra vegfarendur verði sem minnst. Að þessu virtu samþykkir fulltrúinn að tillögurnar verði auglýstar til að kalla fram sjónarmið íbúa og hagaðila.

3. Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis þannig að deiliskipulagsmörk verði samræmd við ný deiliskipulagsmörk fyrir Sæbrautarstokk. Lóð Steinahlíðar er felld út úr deiliskipulagi Vogahverfis og færð yfir í nýtt deiliskipulag fyrir Sæbrautarstokk, samkvæmt uppdrætti Arkís arkitekta, dags. 14. apríl 2026. Einnig er lögð fram umferðartalning VSB verkfræðistofu vegna Suðurlandsbrautar, Langholtsvegur og Steinahlíðar, dags. 6. mars 2026.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson, Þóra Kjarval, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Kristján Árni Kristjánsson, Sigurbjörg Gunnbjörnsdóttir, Björn Guðbrandsson, Þráinn Hauksson, Sigríður Magnúsdóttir, Ragnhildur Kristjánsdóttir, Þórhildur Guðmundsdóttir og Grétar Páll Jónsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK26030166

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Sósíalístaflokks Íslands, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Gleðiefni að sjá framkvæmd Sæbrautarstokks nálgast. Með stokki munu lífsgæði íbúa í aðliggjandi hverfum batna mjög, með bættu öryggi, lækkun hávaða, minni mengun. Sömuleiðis bætist við líflegur garður sem tengir Voga og Vogabyggð, með hjóla og göngustígum og aðstöðu til þess að njóta útiveru.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins tekur undir mikilvægi Sæbrautarstokks sem lykilverkefni í samgöngum Reykjavíkur. Framkvæmdin er forsenda fyrir bætt umferðarflæði, aukinni afkastagetu samgangna og tengingu við stærri innviði, þar

á meðal fyrirhugaða Sundabraut eða Sundagöng. Mikilvægt er að undirbúningur og framkvæmd gangi hratt og vel fyrir sig. Tillögur að nýju deiliskipulagi fyrir Sæbrautarstokk og breytingum á deiliskipulagi Vogabyggðar 2 og Vogahverfis eru nauðsynleg aðlögun skipulags að framkvæmdinni. Á sama tíma er ljóst að um er að ræða fyrri áfanga þar sem heildarmynd uppbyggingar og endanleg útfærsla liggur ekki fyrir. Deiliskipulagið byggir að verulegu leyti á forhönnun og lykilmforsendur, svo sem umferðargreiningar og áhrif á nærumhverfi, eru enn óljósar. Þá fela breytingarnar í sér heimildir til niðurrifs og tímabundið rask sem mikilvægt er að rökstyðja vel og meta í heildarsamhengi. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að greiða fyrir umferð á framkvæmdatíma þannig að áhrif á íbúa, atvinnulíf og aðra vegfarendur verði sem minnst. Að þessu virtu samþykkir fulltrúinn að tillögurnar verði auglýstar til að kalla fram sjónarmið íbúa og hagaðila.

4. Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar 2 vegna Sæbrautarstokks. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun svæðisins til suðurs meðfram Sæbrautarstokk þannig að þrjár nýjar lóðir bætast við deiliskipulagið. Skerpt er á skilmálum um niðurrifsheimildir á sumum lóðum innan svæðisins en að öðru leyti eru heimildir óbreyttar. Lóðarmörk eru víða aðlöguð að nýjum útlínum fyrirhugaðs Sæbrautarstokks og þess deiliskipulags sem unnið er samhliða vegna stökkamannvirkisins sjálfs, samkvæmt uppdráttum Teiknistofunnar Traðar, dags. 14. apríl 2026. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson, Þóra Kjarval, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Kristján Árni Kristjánsson, Sigurbjörg Gunnbjörnsdóttir, Björn Guðbrandsson, Þráinn Hauksson, Sigríður Magnúsdóttir, Ragnhildur Kristjánsdóttir, Þórhildur Guðmundsdóttir og Grétar Páll Jónsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK26020129

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Sósíalistaflokks Íslands, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Gleðiefni að sjá framkvæmd Sæbrautarstokks nálgast. Með stokki munu lífsgæði íbúa í aðliggjandi hverfum batna mjög, með bættu öryggi, lækkun hávaða, minni mengun. Sömuleiðis bætist við líflegur garður sem tengir Voga og Vogabyggð, með hjóla og göngustígum og aðstöðu til þess að njóta útiveru.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins tekur undir mikilvægi Sæbrautarstokks sem lykilverkefni í samgöngum Reykjavíkur. Framkvæmdin er forsenda fyrir bætt umferðarflæði, aukinni afkastagetu samgangna og tengingu við stærri innviði, þar á meðal fyrirhugaða Sundabraut eða Sundagöng. Mikilvægt er að undirbúningur og framkvæmd gangi hratt og vel fyrir sig. Tillögur að nýju deiliskipulagi fyrir Sæbrautarstokk og breytingum á deiliskipulagi Vogabyggðar 2 og Vogahverfis eru nauðsynleg aðlögun skipulags að framkvæmdinni. Á sama tíma er ljóst að um er að ræða fyrri áfanga þar sem heildarmynd uppbyggingar og endanleg útfærsla liggur ekki fyrir. Deiliskipulagið byggir að verulegu leyti á forhönnun og lykilmforsendur, svo sem umferðargreiningar og áhrif á nærumhverfi, eru enn óljósar. Þá fela breytingarnar í sér heimildir til niðurrifs og tímabundið rask sem mikilvægt er að rökstyðja vel og meta í heildarsamhengi. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að greiða fyrir umferð á framkvæmdatíma þannig að áhrif á íbúa, atvinnulíf og aðra

vegfarendur verði sem minnst. Að þessu virtu samþykkir fulltrúinn að tillögurnar verði auglýstar til að kalla fram sjónarmið íbúa og hagaðila.

5. Fram fer kynning á vinnu við hönnun og frágang í kjölfar trjáfellinga í Öskjuhlíð.
- Kl. 10:32 vikur Líf Magneudóttir af fundi og Ellen Calmon tekur sæti á fundinum með rafrænum hætti. Jafnframt tekur Hjálmar Sveinsson við fundarstjórn.

Práinn Hauksson og Þórólfur Jónsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK25020219

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúa Kjartans Magnússonar:

Undirritaður þakkar fyrir góða kynningu um úrbætur í Öskjuhlíð í kjölfar trjáfellinga. Ljóst er að mikil tækifæri eru fyrir hendi á umræddu trjáfellingarsvæði, sem rétt er að nýta til að gera það að úrvals útivistarsvæði í þágu almennings. Æskilegt er að standa þannig að málum að með tímanum vaxi þar upp íslenskur birkiskógur með rjóðrum og öðrum unaðsreitum, sem myndu henta vel til útivistar, ekki síst fyrir börn og ungmenni. Æskilegt er að göngu- og hjólatengingar í austanverðri Öskjuhlíð, við vestanverðan Bústaðaveg, verði gerðar greiðfærar og tengi þannig saman ágæta stíga við Varmahlíð og Flugvallarveg.

6. Lögð fram skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. í apríl 2026, vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir Spöngina. Skipulagssvæðið afmarkast af Móavegi til norðurs, Borgarvegi til suðurs og Mosavegi til austurs. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir uppbyggingu í kring um núverandi byggingar á lóðinni. Fyrirhuguð uppbygging fer aðallega undir nýjar íbúðir en einnig skrifstofur, verslanir og þjónustur. Samþykkt er að kynna lýsingu nýs deiliskipulags í samræmi við 1. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita skal umsagna um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, Veitum, Minjastofnun Íslands, Borgarsögusafni, Vegagerðinni, Strætó bs, Betri Samgöngum, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, skrifstofu framkvæmda og fasteignaþjónustu, skrifstofu borgarlands og skrifstofu umhverfisgæða innan umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, velferðarsviði Reykjavíkur, íbúasamtökum, núverandi íbúum, rekstraraðilum á reitnum og kynna hana fyrir almenningi. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Sindri Þórhallsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK25100240

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins hreyfir ekki andmælum við því að skipulagslýsing Spangarinnar fari í kynningu enda mikilvægt að kalla fram sjónarmið íbúa og hagaðila. Það er vert að taka fram Sjálfstæðisflokkurinn er andvígur þéttingaráformum vinstri flokkanna í Grafarvogi og styður ekki framhald verkefnisins nema það njóti víðtæks stuðnings íbúa. Spöngin hefur þegar mótast sem þjónustu- og verslunarkjarni fyrir hverfið og mikilvægt er að þróun þess taki mið af því hlutverki, aðgengi, umferðaröryggi og lífsgæðum íbúa, fremur en að auka verulega þéttleika byggðar. Endanleg afstaða til deiliskipulags mun ráðast af því hvort tillögur taki mið af þessum sjónarmiðum og þörfum íbúa hverfisins.

7. Lögð fram skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. í apríl 2026, vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir Stjórnarráðsreit. Skipulagssvæðið afmarkast af Lindargötu,

Ingólfsstræti, Skúlagötu og Klapparstíg. Nýtt deiliskipulag geri ráð fyrir blandaðri notkun Stjórnarráðs Íslands, opinberrar þjónustu, almennrar þjónustu, menningarstarfsemi og búsetu.

Samþykkt er að kynna lýsingu nýs deiliskipulags í samræmi við 1. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita skal umsagna um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands, Borgarsögusafni, Strætó bs, Veitum, Vegagerðinni, eftirtöldum deildum skrifstofum og sviðum Reykjavíkurborgar; skrifstofu framkvæmda og fasteignþjónustu, skrifstofu umhverfisgæða, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, skóla- og frístundasviði, lóðarhafa aðliggjandi lóða, íbúa innan svæðisins og kynna hana fyrir almenningi.

Pórhildur B. Guðmundsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK26030497

- Kl. 11:04 víkur Einar Sveinbjörn Guðmundsson af fundi.

8. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Sunda vegna lóðarinnar nr. 18 við Dyngjuveg, Leikskólinn Sunnuás. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að rífa niður húsið á lóðinni og byggja nýtt stærra hús á lóð, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta, dags. 8. apríl 2026. Einnig er lagt fram ástands- og kostnaðarmat VSÓ ráðgjafar, dags. í júní 2025, og samgöngumat VSÓ ráðgjafar, dags. í nóvember 2025.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Ágúst Skorri Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. USK26040107

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins samþykkir að tillagan fari í auglýsingu enda mikilvægt að kalla fram sjónarmið íbúa og hagaðila áður en endanleg ákvörðun er tekin. Fulltrúinn leggur áherslu á að vanda þurfi til verka við undirbúning framkvæmdarinnar, sérstaklega með tilliti til kostnaðar. Ljóst er að um verulega fjárfestingu er að ræða og mikilvægt að tryggja hagkvæma og raunhæfa niðurstöðu. Áhersla ætti að vera á að byggja hóflegt og vel útfært húsnæði sem þjónar þörfum leikskólans, fremur en að ráðast í kostnaðarsamar útfærslur eða hönnunarsamkeppnir sem geta aukið kostnað án þess að bæta rekstur eða þjónustu til lengri tíma.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúans Kjartans Magnússonar:

Fulltrúi Miðflokksins ítrekar enn og aftur mikilvægi þess að staðið verði að uppbyggingu við Dyngjuveg 18 með þeim hætti að það valdi íbúum í nágrenninu sem minnstu ónæði. Brýnt er að ráðin verði bót á miklum bílastæðavanda á svæðinu og leitast við að bæta við fleiri bílastæðum í tengslum við framkvæmdirnar en nú er áformað. Nú þegar eru of fá bílastæði í götunni miðað við þá miklu starfsemi sem þar er og ríkir vandræðaástand af þeim sökum. Fyrirhugað er að fjölga bílastæðum þegar svokölluð ævintýraborg hverfur af svæðinu en það verður ekki fyrr en eftir 2-3 ár í fyrsta lagi. Ljóst er að úrbætur á svæðinu þola ekki svo langa bið.

9. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna Reykjavegar, Hofteigs og Kirkjuteigs. Í breytingunni sem lögð er til felst að loka fyrir umferð Kirkjuteigs annars vegar og hins vegar Hofteigs inn á Reykjaveg og að minnka óverulega lóð Laugarnesskóla til að koma fyrir snúningssvæði við enda Hofteigs, samkvæmt uppdr. Landslags, dags. 13. apríl 2026.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Ágúst Skorri Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
USK26040131

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Sósíalístaflokks Íslands og Vinstri grænna:

Gefið er að öryggi muni bæstast til muna við lokun Hofteigs og breytingar á Reykjavegi, en rétt er að minna á að á Reykjavegi er nú mjög mikilvæg göngu- og hjólabverun við Hofteig. Samkvæmt deiliskipulagsteikningum sem kynntar eru með málinu hliðrast sú þverun til norðurs, af beinni leið hjóla- og göngustígs um Laugardal yfir á gangstétt Hofteigs. Rétt er að brýna það að sú hliðrun sé ekki gerð nema með því að leiðréttu þá tengingu. Þessi leið er með fallettri hjólaleiðum Reykjavíkur, en er umfram allt öruggasta hjólaleiðin sem tengir Laugardal og Vogahverfi við fjölmenna íbúða- og atvinnubyggð í Túnnum, um Hofteig og yfir brú á Kringlumýrarbraut. Börn beggja vegna Kringlumýrarbrautar og Laugardals sækja meðal annars tónlistarnám og íþróttir í hvora átt um þessa leið og fjöldi fullorðinna sömuleiðis fer hana til og frá vinnu. Sjálfsagt er að hafa hana í öndvegi.

10. Lögð fram umsókn TÓ arkitekta ehf., dags. 5. mars 2026, um breytingu á deiliskipulagi Háaleitisbrautar 1. Í breytingunni sem lögð er til felst að breyta notkun hússins þannig að heimilt verði að reka þar hótél með allt að 90 herbergjum. Breytingin felur einnig í sér heimild til hækkunar hússins um eina inndregna hæð ásamt heimild til að grafa frá húsinu austanverðu til að sækja birtu ofan í kjallara, samkvæmt uppdr. TÓ arkitekta, dags. 14. apríl 2026. Einnig er lagt fram samgöngumat VSB verkfræðistofu, dags. 1. apríl 2026, og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. apríl 2026.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Óskar Örn Arnórsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK26030120

11. Lögð fram umsókn Fiskislóðar 35 ehf., dags. 7. nóvember 2025, um breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfiriseyjar) vegna lóðanna nr. 33, 35 og 37 við Fiskislóð. Í breytingunni sem lögð er til felst sameining lóðanna í eina lóð sem fær heitið Fiskislóð 33-37, aukning á nýtingarhlutfalli, hækkun á hámarkshæð byggjar, færslu á byggingarreit til norðurs þ.e. frá suðurlóðarmörkum og heimild fyrir byggingu bílakjallara undir húsinu, samkvæmt deiliskipulags-, skýringar- og skuggavarpsuppdr. Nordic Office of Architecture, dags. 15. desember 2025. Einnig er lagt fram bréf Faxaflóahafna, dags. 1. apríl 2025, þarfalýsing Alvotech, dags. 3. febrúar 2026, vegna fyrirhugaðrar vöruhúsastarfsemi Alvotech að Fiskislóð 33–37 og samgöngumat Eflu, dags. 27. mars 2026.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Valný Aðalsteinsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK25110116

12. Lögð fram umsókn Reirs verks ehf., dags. 22. október 2025, um breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfiriseyjar) vegna lóðarinnar nr. 27 við Fiskislóð. Í breytingunni sem lögð er til felst hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar, hækkun á hámarkshæð bygginga og að heimilt verði að byggja allt að 5 hæðir innan byggingarreits og hæðartakmarkana, samkv. uppdr. Nordic Office of Architecture, dags. 28. janúar 2026. Einnig er lagt fram bréf Faxaflóahafna, dags. 5. febrúar 2024, og samgöngumat Eflu, dags. 5. febrúar 2026. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Valný Aðalsteinsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK25100348

- Kl. 11:39 vikur Hjálmar Sveinsson af fundi og Ásta Þ. Skjalddal Guðjónsdóttir tekur sæti á fundinum. Jafnframt tekur Andrea Jóhanna Helgadóttir við fundarstjórn.
13. Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju umsókn Nýs Landspítala ohf., dags. 21. júlí 2025, ásamt skipulagslýsingu, dags. september 2025, vegna breytingar á deiliskipulagi Landspítalans Fossvogi (Borgarspítalans). Skipulagssvæðið afmarkast af Háaleitisbraut til vesturs, suðurjaðri Borgarspítalans til norðurs, núverandi íbúðabyggð við Markarveg og Kjarrveg til suðurs og Álftalandi til austurs. Breytingin sem lögð er til felur í sér að skipuleggja reitinn sunnan og austan núverandi Borgarsjúkrahúss / Landspítala í Fossvogi undir nýtt geðsvið LSH með áherslu á fremstu gæði varðandi allan aðbúnað og upplifun fólks við útfærslu sérhæfðs geðsjúkrahúss fyrir starfsmenn, sjúklinga og gesti þeirra. Samkvæmt húsrýmisáætlun Nýs Landspítala NLSH er gert ráð fyrir um 24.000 fermetra nýbyggingu í fyrsta áfanga með möguleika á seinni tíma stækkun. Gert er ráð fyrir að stærri þjónustueiningar og byggingahlutar verði með sér inngarða og svæði til endurhæfingar, mest á tveimur hæðum. Útfærsla nýbyggingar, lóðar og næsta umhverfis verður hluti af batamiðaðri meðferð sjúklinga. Í kjölfar lýsingar mun deiliskipulagsgerð byggja á samþykktum áætlunum og stefnum: Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030; Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum árin 2021-2025 og Græna planinu, stefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Einnig er lögð fram skýrsla starfshóps um framtíðarsýn húsnæðis geðþjónustu Landspítala, dags. í mars 2023, forathugun Nýs Landspítala vegna nýs húsnæðis fyrir geðþjónustu Landspítala, dags. í september 2024, bréf stýrihóp til borgarstjóra um skipulag framkvæmda við Landspítala og önnur sérhæfð sjúkrahús, dags. 25. nóvember 2024, áfangaskýrsla Eflu vegna kostnaðarmats fyrir mögulegar staðsetningar, dags. 10. september 2025, og frumgreining umhverfis- og skipulagssviðs á lóð, dags. í febrúar 2026. Lýsingin var kynnt frá 25. september 2025 til og með 23. október 2025. Athugasemdir og umsagnir bárust. Kynnt.

Sigríður Maack tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK25070268

14. Lögð fram fundargerð afgreiðslufunda skipulagsfulltrúa dags. 14. apríl 2026. USK22120094
15. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa dags. 14. apríl 2026. USK24070166
16. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar samgöngustjóra dags. 13. apríl 2026 ásamt fylgigögnum. USK26010164

- Kl. 11:57 vikur Hjördís Sóley Sigurðardóttir af fundi.

17. Fram ferð kynning á framkvæmdum og endurgerð á strætóstöðvum 2026.

Grétar Mar Hreggviðsson, Kristinn Jón Eysteinnsson og Bjarni Rúnar Ingvarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK26040173

18. Fram fer kynning á drögum að hjólréiðaáætlun Reykjavíkur 2026-2030. Samþykkt að vísa til borgarráðs.

Kristinn Jón Eysteinnsson, Grétar Mar Hreggviðsson og Bjarni Rúnar Ingvarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK25050406

19. Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun umferðarskipulags við Höfðabakka og Bæjarháls. Tillagan var lögð fram á fundi borgarstjórnar, sbr. 3. liður, dags. 17. febrúar 2026 og vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 15. apríl 2026. Tillagan er felld með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Sósíalístaflokks Íslands og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Fulltrúi Viðreisnar situr hjá við afgreiðslu málsins. MSS26020076

- Kl. 12:22 vikja Brynjar Þór Jónasson og Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir af fundi.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks harma að meirihluti vinstri flokkanna hafi fellt tillögu Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun umferðarskipulags við Höfðabakka og Bæjarháls. Tillagan laut að því að ráðast í heildstæða endurskoðun á umferðarskipulagi á mikilvægu svæði þar sem verulegar áhyggjur hafa komið fram um umferðarflæði, öryggi og áhrif á íbúa. Höfðabakki er ein af lykiltengingum borgarinnar og mikilvægt að tryggja að umferð flæði þar greiðlega til að draga úr töfum, auka öryggi og bæta tengingar milli hverfa. Ljóst er að breytingar á svæðinu eru ekki fullreyndar og frekari greiningar eru þegar fyrirhugaðar, sem undirstrikar þörfina fyrir gagnsæja og heildstæða endurskoðun. Með því að hafna tillögunni er tækifæri til að taka málið upp með markvissum hætti ekki nýtt.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúans Kjartans Magnússonar:

Fulltrúi Miðflokksins harmar að meirihluti Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokksins, Flokks fólksins og VG skuli hafna því að taka til endurskoðunar breytingar, sem nýlega hafa verið gerðar á umferðarskipulagi við Bæjarháls, þar á meðal Bæjarháls, Dverghöfða, Stórhöfða og á Höfðabakkabrú. Með því sýnir meirihlutinn að vegna kreddufullrar afstöðu til umferðarmála, er hann ekki fær um að horfast í augu við eigin mistök og leiðrétt þau. Umræddar breytingar hafa m.a. í för með sér umferðaröngþveiti á gatnamótum Höfðabakka og Bæjarháls og stórauðnar umferðartafir á stóru svæði í austurhluta borgarinnar. Margar breytinganna virðast hafa verið gerðar í því skyni að tefja vísitandi fyrir umferð.

20. Lögð fram tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um skoðanakönnun meðal íbúa um bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Tillagan var lögð fram á fundi borgarstjórnar, sbr. 3 liður, dags. 3. febrúar 2026 og vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Tillagan er felld með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Sósíalístaflokks Íslands og Vinstri grænna gegn 3 atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Viðreisnar. MSS26020009

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Sósíalístaflokks Íslands og Vinstri grænna:

Tillagan er felld á grunni þess að nýbúið er að endurskoða bílastæðastefnu borgarinnar og hvorki komin reynsla á breytingarnar né almenn kynning á stefnunni farið fram. Könnun af þessu tagi er því ekki tímabær hvað sem síðar kann að verða.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Framsóknarflokksins:

Fulltrúi Framsóknar mótmælir harðlega að meirihluti Umhverfis- og skipulagsráð skuli fella tillögu um að skoðanakönnun verði framkvæmd um bíla- og hjólastæðastefnu borgarinnar og þannig fá afstöðu borgarbúa til hennar. Hér er á ferðinni en ein staðfesting á því að núverandi meirihluti hefur ekki áhuga á samráð við íbúa Reykjavíkur og harmar Framsókn það mjög.

21. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúans Kjartans Magnússonar:

Lagt er til að í tengslum við lok byggingarframkvæmda á Heklureit verði beygjuakrein komið fyrir að nýju á Nóatúni, á kafla milli Brautarholts og Laugavegar, eins og var um áratugaskeið og þannig horfið frá þrengingu götunnar á umræddum kafla. Beygjuakreinin þjóni umferð, sem fer niður Nóatún og inn á Laugaveg til austurs. Skipulagsfulltrúa er falið að leggja til viðeigandi breytingar á skipulagi vegna málsins ef þörf krefur.

Frestað. USK26040314

22. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúans Kjartans Magnússonar:

Lagt er til að bílastæðum verði fjölgað við golfvöllinn að Korpúlfsstöðum. Hentugur staður fyrir ný bílastæði verði fundinn í góðu samráði við Golfklúbb Reykjavíkur.

Frestað. USK26040315

23. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúans Kjartans Magnússonar:

Lagt er til að fyllt verði upp í stóra og varhugaverða holu, sem er á göngustíg við Hólabrekkuskóla, og gengið frá svæðinu með viðeigandi hætti.

Frestað. USK26040316

24. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir upplýsingum um stöðu undirbúnings 1. lotu Borgarlínu, það er kaflans frá Nauthólsvegi að Hlemmi og útfærslu í miðborg (Kvos): 1. Hver er staða deiliskipulags fyrir þennan kafla og hvenær liggur fyrir endanleg ákvörðun um útfærslu? 2. Í áliti Skipulagsstofnunar á umhverfismati Borgarlínu kemur fram að endanleg útfærsla í þessum hluta liggja ekki fyrir og verði ákveðin á deiliskipulagsstigi. Jafnframt er ljóst að ýmsir valkostir eru enn til skoðunar. - Hefur verið tekin formleg ákvörðun um hvaða valkostur verði fyrir valinu í Kvosinni? 3.

Fyrir liggur að umferð um Fríkirkjuveg er um 7–8 þúsund bílar á dag, sem gerir götuna að einni af lykiltengingum í miðborginni. Samhliða hafa komið fram valkostir í gögnum Borgarlínu og umfjöllun þar sem: - gert er ráð fyrir verulegri skerðingu á umferð - eða jafnvel að einungis Borgarlínuvagnar fái að aka um Fríkirkjuveg. Er til skoðunar valkostur sem felur í sér að Fríkirkjuvegur verði lokaður að hluta eða öllu leyti fyrir almenna bílaumferð, eða að umferð verði takmörkuð þannig að hún hafi í reynd sömu áhrif? 4. Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að breytingar á umferðarskipulagi verði umfangsmiklar og hafi í för með sér tilfærslu umferðar á aðrar götur og verulegar breytingar á samgöngumynstri. - Hvernig hefur verið metið sérstaklega hvaða áhrif lokun eða veruleg takmörkun á Fríkirkjuvegi myndi hafa á umferð í miðborg og nærliggjandi gatnakerfi? 5. Ef slíkir valkostir eru enn til skoðunar: - Hvaða valkostir liggja fyrir í dag varðandi Fríkirkjuveg og Lækjargötu? - Hvaða valkostir hafa verið felldir út og á hvaða forsendum? USK26040323

Fundi slitið kl. 12:50

Andrea Jóhanna Helgadóttir

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Ellen Calmon
Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir

Ásta Þ. Skjalddal Guðjónsdóttir
Friðjón R. Friðjónsson
Stefán Pálsson